

Vesturbæjarblaðið

Dreift frítt í öll hús í póstnúmer 101 og 107

ÁGÚST 2016



8. tbl. 19. árg.

24
Hagkaup

OPIÐ
ALLAN sólarhringinn
á Eiðistorgi



Félagstarf frístundaheimilanna í Vesturbænum hefur verið á ferð og flugi í góða veðrinu í sumar. Þessir krakkar voru ánægðir þegar ljósmyndara bar að garði. Sjá nánar um frístundastarfið á bls. 11.

PANTAÐU Á DOMINOS.IS

DOMINO'S APP SÍMI 58 12345

Myndlistarvörur
Allt sem þú þarft
í Borgartúni 22

Slippfélagið
Málningarverksmiðja

Borgartúni 22
Opíð: 8-18 virka daga
10-14 laugardaga

Gert ráð fyrir átta hundruð íbúðum í Skerjafirði

Gert er ráð fyrir allt að tvö þúsund manna byggð eða um átta hundruð íbúðum í Skerjafirði. Reykjavíkurborg keypti nýverið hluta þessa byggingarlands af ríkinu eða samtals 11 hektara á 440 milljónir króna.

Fyrirhuguð byggðin mun rísa í beinu framhaldi af byggðinni sem nú er í Skerjafirðinum. Dagur B. Eggertsson borgarstjóri hefur

óskað eftir tillögu frá embættismönnum um hvernig staðið verði að skipulagi og undirbúningi uppbyggingarinnar. Þær tillögur eiga að liggja fyrir í síðasta lagi 10. september næst komandi og í framhaldi af því mun skipulagsvinna vegna byggðarinnar hefjast. Áhersla er lögð á að hraða uppbyggingu þar sem henni er ætlað að koma til móts

við aukna þörf fyrir húsnæði á höfuðborgarsvæðinu.

Málið er þó umdeilt. Lokun flugbrautar 06/24 á Reykjavíkurflugvelli hefur verið gagnrýnd einkum vegna þess að með því sé dregið úr möguleikum flugvallarins til þess að sinna sjúkraflugi. Íbúar í Skerjafirðinum hafa einnig nokkrar áhyggjur af nýju byggðinni og telja að ekkert samráð hafi

græn heilsa
heilsuverslun

lifestream
hreinn lífræn næring

Ægisíða 121 /grænheilsa

verið haft við þá um fyrirhugaðar framkvæmdir Spurningar hafa vaknaði einkum á meðan íbúa Skerjafjarðar. Bæði um hvernig umferðarmál verði leyst og einnig um hvernig hin nýja byggð verði tengd öðrum byggingum á svæðinu og hort byggðin sitt hvoru megin Reykjavíkurflugvallar verði skilgreind sem ein heild í póstnúmeri 102 en Skerjafjörður hefur verið færður úr póstnúmeri 107 í 102 sem er póstnúmer Vatnsmýrarinnar.



Góð þjónusta – Hagstætt verð

Afgreiðslutími:
Virka daga: kl. 9-18:30
Laugardaga: kl. 10-16

Reykjavíkur **Apótek**

Seljavegur 2 | Sími: 511-3340 | Fax: 511-3341 | www.reyap.is | reyap@reyap.is



Melabúðin
Þín verslun

Sími 551-0224



Lamb & kjúlli

helgartilboð! fimmtudag - föstudag - laugardag - sunnudag
25. - 28. ágúst, á meðan birgðir endast

Lamba innralærisvöðvi 3.498 kr/kg

Lamba Rib-Eye 3.498 kr/kg

Kjúklingabringur 20% afsláttur

Vesturbæjarblaðið

Útgefandi: Borgarblöð ehf.

Eiðistorgi 13-15 • 172 Seltjarnarnes • Pósthólf 171

Ritstjóri: Þórður Ingimarsson • Sími 551 1519 • 893 5904

Netfang: thordingimars@gmail.com

Auglýsingasími: 511 1188 • 552 1953 • 895 8298

Heimasíða: borgarblod.is

Netfang: borgarblod@simnet.is

Framkvæmda- og auglýsingastjóri: Kristján Jóhannsson

Umbrot: Valur Kristjánsson

Prentun: Landsprent ehf.

Dreifing: Morgunblaðið

8. tbl. 19. árgangur

Vesturbæjarblaðinu er dreift í hvert hús í póstnúmerum 107 og 101.

Miðborgin og ferðapjónustan

Áannað hundrað manns sóttu Menningarnótt í Reykjavík um liðna helgi. Lætur því nærri að hátt í helmingur landsmanna hafi heiðrað þessa stærstu bæjarhátíð landsins með nærveru sinni. Þótt hátíðin fari einkum fram í Miðborg Reykjavíkur og Vesturbænum að hluta er ljóst að fólk úr öðrum borgarhlum, nágrennabyggðum og jafnvel utan af landi sækir hana heim. Menningarnótt á sér rætur í danskri fyrirmynd „kulturnat“ en hefur þróast á þeim tveimur áratugum sem hún hefur verið haldin í að verða einkonar þjóðhátíð landsmanna.

Áannað sem setur sterkan svip á miðborgarlífið er sá mikli fjöldi ferðamanna sem sækir landið heim um þessar mundir. Svo ör er fjölgun þeirra að hvorki borgaryfirvöld eða landsstjórnin hafa náð að bregðast við með þeim hraða sem nauðsylegur væri. Hitt er annað mál að þessi fjölgun ferðamanna sem einkum er tilkomin vegna upplýsingajafar um allt á milli himins og jarðar sem fer fram á Internetinu og einnig vegna tilkomu lágjaldflugfélaga hefur náð að lyfta efnahag landsins úr þeirri lægð sem bankahrunið 2008 skildi eftir.

Ferðamennirnir setja sterkan svip á umhverfið sem þeir fara um. Fjöldi þeirra er slíkur og heimamenn líta stundum út eins um frumbjggja væri að ræða. Erfitt er að gera sér grein fyrir hvort framhald verður á þeirri fjölgun sem orðin er eða hvort draga mun úr henni. Líklegt má þó telja þessi þróun haldist meðal annars vegna ástands heims mála og stríðsátaka í ákveðnum heimshlutum.

Bryna nauðsyn ber til þess að Íslendingar – höfuðborgarbúar sem aðrir nái að vinna hagnað af þessari nýtilkomnu atvinnugrein. Vaxtarverkir hafa fylgt henni og eiga trúlega eftir að gera það enn um nokkurt skeið. Síðan mun jafnvægi skapast eins og um aðra atvinnuhætti. Miklu varðar að fara ekki fram úr sér eins og Íslendingum hefur hætt til að gera. Hver man ekki eftir loðdýraævintýrinu, fiskeldiævintýrinu og bankaævintýrinu sem öll enduðu á versta veg vegna þess að menn öfluðu sér ekki nægrar þekkingar og fóru framúr sér. Væntingarnar héldust ekki í takt við raunveruleikann.

Hvort sem er um Miðborgarbúa, Vesturbæinga eða aðra er að ræða er mikilvægt að halda væntngum í takti við raunveruleikann. Hvort sem um hótélbyggingar, heimagistingu, veitingamennsku, rútubílakstur eða annað er að ræða þarf alltaf að miða við aðstæður en gera annars sitt besta.

S T U T T A R

B O R G A R F R É T T I R

Erfiðara að manna skólalahlíð

Eftir var að ráða í átta stöðugildi deildarstjóra um 63 stöðugildi leikskólakennara á deild og um 21 stöðugildi í stuðning hjá Reykjavíkurborg í byrjun skólafars í haust. Í grunnskólum vantaði í um 18 stöðugildi kennara í byrjun, um 12 stöðugildi stuðningsfulltrúa og 11 stöðugildi skólalíða. Á frístundaheimilin vantaði 261 starfsmann í 127 stöðugildi, þar af 33 í starf með fötludum börnum og ungmennum þar sem yfirleitt er um 50% störf að ræða. Til samantvæðis átti eftir að ráða í 59 stöðugildi í leikskólum, 31 í grunnskólum og 127 starfsmenn í 64 stöðugildi í frístundaheimilum á sama tíma fyrir ári.



Þörungar mynda skán á Tjörninni

Fyrir í þessum mánuði mátti sjá óvenjulega, litskrúðug brák á nokkrum stöðum á Reykjavíkurtjörn. Þessi brák myndast vegna þess að ákveðnir blágrænir þörungar eða gerlar fjölga sér of hratt og mynda blóma, sem byrjar sem grugg en endar sem skán sem flýtur ofan á vatninu. Þess herfur því verið óskað að á meðan þessu stendur gefi fólk öndunum á Tjörninni alls ekki brauð.

Þetta fyrirbæri kallast ofauðgun og gerist vegna þess að magn næringarefna verður of mikið. Þetta er þekkt ástand í stöðuvötnum á sumrin en er ekki ákjósanlegt. Líkurnar á þessu eru sérstaklega miklar þegar hitastig vatnsins hækkar á hlýjum og sólríkum dögum eins og eru um þessar mundir og þegar vatnsblöndun er lítil vegna hægs rennslis.

Tvær nýjar andategundir verpa við Reykjavíkurtjörn

Andavarpið við Reykjavíkurtjörn er með betra móti í



ár eftir niðursveiflu síðustu ára. Merkustu tíðindin eru þó að tvær tegundir hafa verpt í fyrsta sinn frá því athuganir hófust. Rauðhöfðaönd sást með unga í Friðlandinu í Vatnsmýri og á stóru Tjörninni sást tíguleg toppandarkolla með þrjá litla unga. Á síðustu tveimur árum hafa því þrjár nýjar tegundir bæst við því urtönd verpir nú í Vatnsmýrinni þriðja sumarið í röð. Stökkönd, skúfönd og duggönd eru reglulegir varpfuglar við Reykjavíkurtjörn og virðist varp þeirra vera hægt og bítandi að rétta úr kútnum eftir mögur ár undanfarið. Margt óvænt er að eiga sér stað við Reykjavíkurtjörn og verður að teljast merkilegt að svo fjölbreytt fuglalíf geti þrífist í miðborg Reykjavíkur innan um yst og þys borgarlífsins.

Mikil fjölgun í þjónustu

upplýsingamiðstöðvar

Allt að 69 þúsund ferðamenn sóttu sér þjónustu í Upplýsingamiðstöð ferðamanna í Reykjavík í júlí og hafa ekki verið fleiri í einum mánuði frá stofnun árið 1987. Flestir komu þann 30. júlí eða 2.700 manns. Gestum miðstöðvarinnar hefur því fjölgað um þriðjung á fyrstu sjö mánuðum ársins og eru nú orðnir tæplega 278.000. Mest varð fjölgunin í janúar þegar 66% fleiri ferðamenn komu í miðstöðina en í sama mánuði á síðasta ári.

Grandasvæðið, Örfirisey og Ísafjörður á Menningarnótt

Grandasvæðið var áherslusvæði Menningarnæturs sem fram fór um liðna helgi en jafnframt var vakin sérstök athygli á Grjótaþorpinu í hjarta Reykjavíkur þar sett var upp sýning í tilefni af 230 ára afmæli Reykjavíkur. Ísafjarðarbær sem fagnar



150 ára afmæli í ár var gestasveitarfélag Reykjavíkurborgar á Menningarnótt. Ísfirðingar voru með ýmsa viðburði í Ráðhúsi Reykjavíkur auk þess sem lokaatriði Tónaflóðs Rásar 2 var tileinkað Ísafjarðarbæ. Yfirskrift Menningarnæturs var eins og áður „Gakktu í bæinn“ og vísar til þeirrar gömlu íslensku venju að bjóða gesti velkomna og gera vel við þá. Myndin er af Gísla Halldórssyni bæjarstjóra Ísafjarðarbæjar.

Ráðgjafar styðja við mál og læsi

Fjórir kennsluráðgjafar sem styðja eiga við kennara og starfsfólk skóla- og frístundasviðs í markvissri málþjálfun og lestrarkennslu hafa tekið til starfa í Reykjavík. Ráðgjafastöðin Miðja máls og læsis verður til húsa í Austurbæjarskóla og miðar að því að efla fagmennsku kennara og starfsfólks með ráðgjöf, símenntun og stuðningi. Með þessari starfsemi er leitast við að tryggja aðgengi alls starfsfólks og kennara í skóla- og frístundastarfi að ráðgjöf og stuðningi við fagleg vinnubrögð með mál og læsi og þar með byggja upp ríkulegt mál- og læsisumhverfi. Þjónustan er liður í þeirri stefnumörkun að efla málþroska, lestrarfærni og lesskilning meðal barna og ungmenna í skóla- og frístundastarfi í borginni. Kennsluráðgjafarnir munu einnig veita foreldrum ráðgjöf.



opinn - trúnaður - ókeypis + Rauði kross Íslands



Geirsgata 1 • Sími 511 1888

Gómsæti í göngufæri

Vesturbæingar



Er að fjölga svona mikið í Vesturbænum?

SKÓLADAGAR

20% afsláttur
af gleraugum

Sjónmælingar

101 optic
Skólavörðustíg 2

Gleraugað
Kringlunni

Gleraugað
Bláu húsin v. Faxafen

Miðborg í hröðum uppgangi og blóma

Jakob Frímagn Magnússon tónlistarmaður og miðborgarstjóri hefur fylgst manna best með þróun miðborgarinnar að undanförunu. Borgarluta sem tekið hefur meiri breytingum á fáeinum árum en varð í margra ára rás. Segja má að miðborgin hafi risið úr öskustó á undanförunum áratugum og ekki síst á þeim tíma sem af er þessari öld. Ýmsar spurningar hafa vaknað af þeim sökum. Þeirra á meðal eru áhrif ferðapjónustunnar sem fæðst hefur sem nýr atvinnuvegur og hvernig hann kemur við íbúðabygginguna. Hvernig uppbygging ferðapjónustu og aukin sókn eftir búsetu fer saman í umhverfi þar sem gamall og nýr tími renna í sama farveg. Jakob tyllti sér niður með Vesturbæjarblaðinu í aðdraganda Menningarnætur sem orðin er einskonar þjóðhátíð höfuðborgarbúa.

Jakob segir að á þeim átta árum sem hann hefur starfað á vettvangi Miðborgarinnar hafi orðið gríðarleg breyting bæði á samsetningu gesta og viðskiptavina sem haft hafi áhrif bæði á skipulag og umhverfi sem flest sé til bóta. „Við höfum verið að horfa upp á vöxt á milli ára sem jafnvel væri talinn hættulegur í öðrum greinum atvinnulífs. Hann er full mikill en þetta er lúxus vandamál og vaxtarverkirnir eru vissulega til staðar en búhnykkurinn sem samfélagið í heild og aðilar í geiranum finna glögglega fyrir er af hinu góða.“

Jakob segir að vöxtur ferðapjónustunnar hafi verið kærkomin veruleiki eftir harmleikinn sem hér átti sér stað árið 2008. „Við erum búin að snúa við þannig að staða samfélagsins í heild hefur fjárhagslega líklega aldrei verið sterkari. Við gætum í raun farið í skattlaust ár eins og gert var 1987 ef við kærðum okkur um. Ég hef þó lagt að við færum aðra leið í þeim efnum og lækkuðum skatta yfir í dreifða tíund yfir línuna en nóg um það að sinni.“

Loftborsdyngir líkastir pyntingum

Jakob snýr sér að fram-



Jakob Frímagn Magnússon.

kvæmdahliðinni. Þeirri miklu mannvirkjagerð sem á sér stað í miðborginni og hefur pirrað ýmsa íbúa og atvinnurekendur einkum kaupmenn og eigendur verslana. Hann segir að fólk verði nú að umbera hávaða og mengun vegna nýrra framkvæmda, bæði hins opinbera og einstaklinga, einkum við Hverfisgötu og víðar vegna nýbygginga en einnig vegna gatnagerðar. Þetta hafi bitnað harkalega á ansi mörgum – einkum þeim sem hafa verið og eru með rekstur í nágrenni við Hjómalindarreit á milli Laugavegar, Klapparstígs og Hverfisgötu

og einnig þeim sem eru þolendur hávaðans Frakkastígsmegin og loks þeirra sem starfa í nágrenni Laugavegar 4 til 6. „Að vera með viðvarandi loftborsdyngi í eyrunum frá morgni til kvölds mætti bera saman við pyntingar í fangabúðum þegar verst lætur. Það er mesta furða hvað rekstraraðilar og íbúar viðrast enn geðgóðir þrátt fyrir allt.“

Önnur aðferð til

Jakob segir að hér þurfi að taka til umræðu valkosti þessarar tækni við gamla góða

loftborinn. „Ef á að sprengja upp klöpp þá eru til aðrar leiðir en að nota höggbor. Þær eru m.a. að bora í klöppina, setja tiltekið efni í borholurnar sem þenst út og losar þannig um klappirnar á ca. einum sólarhring. Þetta er reyndar alldýr valkostur, en kostnað við framkvæmdir sem þessar mætti að mínu viti mæla í víðara samhengi en hinu peningalega og þeir sem eru þolendur alls þessa myndu vafalítið vilja teygja sig ansi djúpt í eigin vasa til þess að losna undan þessari áþján. Auðvitað er það verktakanna og

Við skulum fagna því að landið okkar sem einu sinni var einangrað og talið við endimörk hins byggilega heims skuli nú vera jafn eftirsótt og raun ber vitni – land sem fólk sækir heim bæði til skemmri tíma en einnig til lengri tíma og varanlegri.

borgaryfirvalda í sameiningu að tryggja að svona verði ekki í boði inn í þéttri byggð nema í algerum undantekningum.“

Þar sem einn og einn pokakarl var á vappi

Jakob segir margt gott felast í endurbyggingu miðborgarinnar og þeim breyttu atvinnuháttum sem orðið hafa á mjög skömmum tíma. „Þegar við ég og félagar mínir Einar Bárðarson, Gunnar Steinn Pálsson og fleiri sem höfum starfað í Bankastræti 11 í tæpan áratug – fyrsta áratug þessarar aldar, horfðum út um gluggann á Bankastrætið var einn og einn pokakarl þar að sjá. Nú blasa hundruð manna og kvenna af ýmsum uppruna við sjónum okkar alla daga vikunnar út um þessa sömu glugga. Þá þarf enginn að velkjast í vafa um að þessi breyting felur í sér tækifæri, m.a. ávísun á fjölbreytilegra, líflegra og skemmtilegra miðborgarlíf. Þegar kemur að því að panta sér borð á veitingastaðnum sínum og fá ekki inni eða að því að ætla að að tylla sér á eftirlætiskaffihúsinu sínu sem er yfirfullt af áður óþekktum gestum, þá færast starfsemi af þessum toga bæði

FERSKUR FISKUR DAGLEGA

MIKIÐ ÚRVAL SPENNANDI FISKRÉTTA

VERIÐ VELKOMIN



Nesvegur 100
Símar 562-1070, 896-4243
Opíð virka daga kl. 10 - 18:30



upp á aðrar hæðir húsa og út í nærliggjandi hliðargötur og hverfi. Það er þróun sem við verðum bara að sætta okkur við. Miðborgarmörkin færast lengra út frá sjálfum kjarnanum. En frá því verður ekki horft að miðborg Reykjavíkur er í hröðum uppgangi og blóma“.

Hagfelld og ábatasöm breyting

Jakob bendir á að svipað geti gerst í Reykjavík og hefur verið að þróast í Lundúnum um langt árabíl. „Hugsanlega verða til einkaklúbbar heimamanna þar sem þarf að sækja um aðild til þess að fá inni á. Ég hef sjálfur enga skoðun á þessu aðra en þá að þetta kunni að þróast í þessa veru. Stundum finnur maður fyrir dálitlum pirringi frá fólki sem hefur enga tengingu við ferðaþjónustuna og engan ábata af henni heldur jafnvel frekar óþægindi. En fyrir samfélagið í heild er þessi breyting mjög ábatasöm og hagfelld. Við skulum fagna því að landið okkar sem einu sinni var einangrað og talið við endimörk hins byggilega heims skuli nú vera jafn eftirsótt og raun ber vitni – land sem fólk sækir heim bæði til skemmri tíma en einnig til lengri tíma og varanlegri. Við erum þjóð sem hefur tamið sér hreinlæti, umhyggju fyrir náunganum, lagt áherslu á menntun og menningu. Við megum ekki víkja frá þeim grundvallargildum og lífsviðhorfum okkar hverjir sem kjósa að sækja hér um landvistarleyfi eða ríkisborgararétt. Við höfum margt að gefa og margir horfa til okkar öfundar- eða löngunar- augum úr ýmsum þjóðlöndum. Við höfum þrátt fyrir allt mælst með eftirsóknarverð lífsgæði á borð við langlífi, hamingju, mannréttindi og fleira að ekki sé



Neðri hluti Laugavegar hefur verið „sumargata“ það er að segja lokaður bílaumferð undanfarin sumur. Takmörkun bílaumferðar er ein af þeim breytingum sem orðið hafa í miðborg Reykjavíkur. Þessi breyting hefur af mörgum mælst vel fyrir en þó eru skiptar skoðanir um hana eins og annað

minnst á þær dýrmætu lífsbjargar sem felast í fiskimiðum, hreinu vatni, hreinu lofti, hreinni orku og lítilli mengun til viðbótar við einhverja þá mestu og óvenju- legustu náttúrufegurð sem nokkurs staðar gefur að líta. Þannig er að afkomendur þeirra sem náðu að þreygja þórrann og lifa af hinar myrku miðaldir af eru heppnir að vera uppistandandi í dag og tiltölulega sprækir nú við upphafi 21. aldarinnar. Mér finnst því tilhlökkunarefni að sjá borgina okkar þróast til betri vegar og verða fegurri og fegurri með hverjum deginum. Nýjar

byggingar rísa sífellt upp og aðrar eru endurgerðar og þá jafnan vel til vandað.“

Írar og svo norrænir

„Það eru gleðiríkir tímar á Íslandi og fjölbættir vaxtarbroddar í atvinnulífinu,“ segir Jakob. „Íslenskir hugverkamenn hafa t.a.m. aldrei verið í jafn miklum metum um víða veröld. Það er í sjálfu sér afar áhugaverð staðreynd að frá landnámi hafa íslenskir hugverkamenn verið þeir sem víðast hafa borið hróður lands og lýðs. Allt frá dögum

Snorra að dögum Kristmanns, Gunnars og Laxness í bókmenntaheiminum og að dögum Bjarkar, Sigurrósar og Monstera og manna. Hér má staldra við og velta fyrir sér hvort að leita megi skýringa á þessu skáldeðli og sköpunarkrafti öllum í Esjunni, Kötluinni, Hekluinni, Saurbæjum, Gaulverjarbæjarhreppnum og öðrum örnefnum sem sprottin eru beint úr keltnesku og eiga sér enga stoð í norrænum tungumálum. Ef til vill fer að verða tímabært að við viðurkennum að við séum Írar fyrst og norrænir menn svo“ segir Jakob og brosir.

Þurfum að stemma stigu við ofpenslu sál- og taugakerfis

Jakob segir að við eigum að gera okkur grein fyrir nauðsyn þess að einbeita okkur að því að rækta garðinn og þá einkum og sér í lagi þá sprota garðsins okkar sameiginlega sem er hin unga uppvaðandi kynslóð hverju sinni. Hana þurfi að vökva og rækta af meiri kostgæfni og meiri skuldbindingu en meðal fjölskyldan hefur tök á í dag. „Þess vegna verðum við ef til vill að horfa til Norðurlandanna og norræna velferðarkerfisins í því

að færa íslenska vinnuviku til jafns við það sem hóflegt þykir til að mynda í Danmörku og reyna að haga hlutum þannig að báðir foreldrar séu ekki nauðbeygðir til þess að vera útí vinnandi alla daga og jafnvel í fleiri en einni vinnu hvort til að ná endum saman. Af þeim sökum ítreka ég það sem ég hef áður sagt að lækkun skattþrósentunnar á Íslandi mundi veita landsmönnum meira ráðstöfunarfé þegar upp væri staðið. Þetta myndi einnig draga úr skattsvikum og minnka svarta hagkerfið og í rauninni auka veltu og fjárfestingu án þess að valda tiltakanlegri þenslu. Eina raunverulega þenslan sem við þurfum að hafa áhyggjur af og stemma stigu við er ofpensla sál- og taugakerfis. Hún er stundum fullnálægt þolmörkum sem getur leitt af sér aukin þyngsli, bresti og ofneyslu af ýmsum toga að ekki sé minnst á ótímabær andlát. Við verðskuldum nú, eftir aldanna púl og puð, að tileinka okkur dýpri slökun og víðara andrými án þess að kjör okkar skerðist. Það tel ég vera mikilvægustu stefnumið nútíma samfélagsins á Íslandi“ segir Jakob Frimann Magnússon tónlistarmaður og miðborgarstjóri að lokum.

Vesturbæjarblaðið www.borgarblod.is

MINNA MÁL MEÐ SAGA PRO
NÝJAR UMBUÐIR
SAGA MEDICA
www.sagamedica.is

DANSSKÓLI BIRNU BJÖRNS
Reykjavík Kópavogur Garðabær Hafnarfjörður
Vesturbær Grafarholt

JAZZ FUNK CONTEMPORARY HIPHOP COMMERCIAL MUSICAL THEATRE

Hefst 12. sep - 12 vikur

Æfðu allt að 6x í viku vandað og markvisst dansnám. Danshópar frá 3ja ára aldri.

Mikil áhersla á metnað og fagmennsku – kennarar sækja reglulega workshop erlendis. Margra ára reynsla sem kennarar og atvinnudansarar.

Upplýsingar í s.6945355

www.dansskolibb.is

Danskeppnir
Dansferðir
Erlendir gestakennarar
Sýningarflokkur
Tæknitimar
Nemendasýningar
Hvatningarverðlaun
Nemendaráð
Workshop

Snapchat: dansskolibb
Instagram: dansskolibb

Hauststarfið á Aflagranda rúllar af stað



Tálgararnir ríða á vaðið og byrja fyrstir.

Haustdagskrá félagsstarfsins á Aflagranda rúllar af stað í byrjun september og flestir dagskrárlíðir verða komnir í gang um miðjan mánuðinn. Bókmenntaklúbburinn, útskurðarhóparnir og tálgararnir ríða á vaðið og hefja störf í fyrstu heilu viku mánaðarins. Postulínshópar og myndlistarfólkið, sem kallar sig Akademiuna, byrjar svo í vikunni á eftir, en einn vinsælasti dagskrárlíðurinn sem er Bingó hefst 23. sept.

Félagsmiðstöðin stefnir að því að hafa opið hús um miðjan september; þjóða gestum og gangandi til veislu. Dagsetningin er ekki alveg komin á hreint, en verður auglýst vel og vandlega í tæka tíð. Boðið verður upp á listmuna- og myndlistarsýningu, ýmiss konar tónlistaratriði og áhugavert fræðsluerindi, svo nokkuð sé nefnt. Öllu þessu fylgir svo kaffi og kruður í boði hússins. Íbúar hverfisins eru hvattir til að koma við hjá okkur þann dag, eins og reyndar alla aðra daga.

Sú breyting hefur orðið á rótgrónum, fóstum dagskrárlíðum hjá okkur að vikulegi þátturinn "Bókaspjall Guðna Th. Jóhannessonar" er af eðlilegum ástæðum ekki lengur á dagskrá. Guðni hefur glatt gesti félagsmiðstöðvarinnar undanfarin ár, kynnt heimsbókmenntir jafnt sem íslenskan fróðleik á sinn ljúfa, kímna og hlýja hátt. Starfsfólk og gestir Aflagranda 40 kunna honum einlægar þakkir fyrir þetta óeigingjarna starf og þótt við hér söknum hans mikið gleðjumst við líka yfir því að nú fær íslenska þjóðin öll að njóta krafta hans. Héðan berast honum óskir um gæfu og gleði í því ábyrgðarmikla starfi sem hann hefur valist til að sinna.

Sjötti áratugurinn á Bergstaðastræti

Sjötti og sjöundi áratugurinn voru endurvaktir á Bergstaðastrætinu seint í júlí þegar afkomendur Völundar Draumland Björnssonar lífskústners og listmálara efndu til sýningar á völdum verkum hans í tilefni af 80 ára afmælis hans en hann lést á árinu 2012. Sýningin fór fram í Gallei Ekkisens á Bergstaðastræti. Það er Freyja Eilíf Logadóttir barnabarn hans sem stendur fyrir galleriinu en það er til húsa í kjallaranum í litla bakhúsinu þar sem hann bjó – fyrst með móður sinni Helgu Bærings sem eldri Vesturbæingar muna ef til vill eftir úr Litla Þvottahúsinu á Ránargötunni sem hún rak ásamt Ólafi Bergsveinssyni og Fríðu systur sinni í áratugi en síðar hét hann þar heimili með eiginkonu og börnum.

Völundur var hluti bóhemkynslóðarinnar sem sem átti sér rúm í lífi þjóðar á sjöunda og áttunda áratug liðin aldar. Tíma þegar ýmsar umbreytingar tóku að eiga sér stað frá stöðnuðu samfélagi bænda og sjómanna og komu einkum fram á meðal skálda, rithöfunda og myndlistarmanna. Völundur var samtímamaður þekktara listamanna bæði til rits og myndar. Má þar nefna Dag Sigurðarson, Jónas Svafár, Elías Mar, Pétur Pálsson, Alfréð Flóka og fleiri sem áttu sér gjarnan samastað á Mokka við Skólavörðustíginn – hinu fyrsta kaffihúsi sem bauð upp á „cafe latte“ og nýir straumar fengu framrás.

Sýningin var opnuð í garðinum í kringum Bergstaðastræti 25B á síðdegi afmælisdagsins og ljóst varð að afkomendum Völundar tókst mæta vel að skapa stemningu hins liðna. Engu líkara var en sjötti og einkum sjöundi



Hjörleifur Stefánsson arkitekt mætti á svæðið.



Helga Völundardóttir hélt erindi um föður sinn og þarna tekur hún lagið við undirleik skyld- og kunningjafólks. Mímír bróðir hennar er til hægri með klarinettuna.

áratugurinn væri endurskapaður í myndum, tali og tónum. Helga dóttir Völundar og móðir Freyju Eilífar gallerishaldara í Ekkisens hélt fróðlegt erindi um föður sinn auk þess að taka lagið við undirleik Mímis bróður síns og nokkurra félaga hans úr tónlist-

inni. Fólk gekk um garðinn og án þess að gera sér grein fyrir því varð það að hluta þess tíma sem myndlistarmaðurinn Völundur Draumland Björnsson var og hét og skapaði list sína.

ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS
Auðbrekku 1, Kópavogi ÚTFARARÞJÓNUSTA SÍÐAN 1996

Vaktímar: 581 3300 & 896 8242 • www.utforin.is • Allan sólarhringinn

Sverrir Einarsson Kristín Ingólfssdóttir Hilmar Erlendsson

ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR
Flatahraun 5a • www.utfararstofa.is • Símar: 565 5892 & 896 8242

ALÚD • VIRÐING • TRAUST • REYNSLA

HÚSAVIÐGERÐIR.IS
ALHLIÐA MÚR- OG STEYPUVIÐGERÐIR

Hafðu samband
Við skoðum og gerum tilboð!

www.husavidgerdir.is/hafa-samband
info@husavidgerdir.is - Sími 565-7070

Finndu okkur á Facebook

GÓÐ ÞJÓNUSTA VIÐ SÖLU FASTEIGNA

Davíð Ólafsson
Löggiltur fasteignasali

Sími: 897 1533
david@fastborg.is

FRÍTT SÖLUVERÐMAT

ELLINGSEN

**SPORT-
BÚÐIN ÞÍN
Í MIÐBÆNUM**

NÝJAR VÖRUR FRÁ NIKE, UNDER ARMOUR OG ADIDAS



ELLINGSEN

SÍÐAN 1916

TRYGGVABRAUT 1-3
AKUREYRI
580-8550

FISKISLÓÐ 1
REYKJAVÍK
580-8500

ELLINGSEN.IS



Umræddur Hafnargarður áður en ráðist var í flutnings hans að kröfu Minjastofnunar.

Krafist að Minjastofnun beri kostnað af flutningi hafnargarðs

Málflutningsstofa Reykjavíkur hefur fyrir hönd Reykjavík Development sent Minjastofnun kröfu upp á 600 milljónir króna vegna flutnings gamla hafnargarðsins frá 1928 sem var við Austurbakka og Sigmundur Davíð Gunnlaugsson þáverandi forsætisráðherra hafði frumkvæði að í fyrria að láta færa, stein fyrir stein, meðan framkvæmt yrði á lóðinni. Í kröfunni er farið fram á að greiddur verði útlagður kostnaður eigenda lóðar á Austurhafnarreitnum við Tollhúsið sem varð til við að færa hafnargarðinn stein fyrir stein, merkja og setja í geymslu. Þess er einnig krafist að bættar verði tafir á framkvæmdum vegna málsins.

Annar hafnargarðurinn er frá því fyrir aldamótin 1900 og er því sjálfkrafa friðaður en hinn, sem er frá 1928, var skyndifriðaður í fyrria. Steinarnir eru nú í geymslu úti í Örfirisey en gert var ráð fyrir því að þeir yrðu til sýnis í bílakjallara bygginganna sem

til stendur að reisa á svæðinu. Óljóst er hinsvegar hvað verður um málið ef kostnaðurinn getur hlaupið á milljörðum. Í lögum um menningarminjar frá 2012 kemur fram í 28. grein að framkvæmdaaðili greiði kostnað við þær rannsóknir á fornleifum sem Minjastofnun Íslands ákveður að séu nauðsynlegar vegna fyrirhugaðra framkvæmda. „Við allar umfangsmiklar framkvæmdir skal sá sem fyrir þeim stendur bera kostnað af nauðsynlegum rannsóknum og vettvangsskráningu fornleifa,“ segir í umræddri lagagrein. Í ljósi umræddrar kröfugerðar Reykjavík Development á heldur Minjastofnun má vera ljóst að látið verður reyna á kröfugerðina fyrir dómi og tekist verður um hvort þessi lagagrein nær yfir þetta tiltekna mál. Fari svo að Minjastofnun verði dæmd til að taka á sig kostnað vegna flutnings hafnargarðsins mun mikill kostnaður vegna málsins lenda á skattgreiðendum.

Verðlaunahús við Tjarnargötu og Ránargötu

Tjarnargata 36 og Ránargata 24 í Vesturbæ Reykjavíkur eru á meðal þeirra húsa sem hlutu viðurkenningar í ár fyrir endurbætur á eldri húsum og fallegar stofnana-, fyrirtækja- og fjölbýlishúsalóðir. Dagur B. Eggertsson borgarstjóri og Hjálmar Sveinsson formaður umhverfis- og skipulagsráðs Reykjavíkur afhentu viðurkenningarnar á afmæli Reykjavíkurborgar 18. ágúst.

Tjarnargata 36 var byggð af Sveini M. Sveinssyni sem jafnan var kenndur við Timburverslunina Völund og var faðir; Haraldar, Leifs og Sveins Sveinssona sem allir voru þekktir borgarar í Reykjavík. Leifur Sveinsson bjó lengst í húsinu en það var byggt sama ára og hann fæddist 1924. Eftir lát hans sótti Bergljót dóttir hans um að gera breytingar á því meðal annars til þess að færa það nær fyrria útliti og stíl en því hafði verið breytt nokkuð í tímans rás. Ekki hefur verið búið í húsinu frá því Leifur flutti þaðan en hann dvaldi síðustu æviárin á Grund. Húsið hýsti áfram bóka- og listaverkasafn hans sem var verulegt að verðleikum enda Leifur ótull safnari. Hugmyndir hafa verið um að koma á fót safni listaverka Júlíönu Sveinsdóttur, föðursystur Völundarbræðra í húsinu en hún var einn af þekktari myndlistarmönnum á fyrri hluta 20. aldar og mörg verka hennar voru í eigu Leifs. Húsið við Ránargötu 24 hefur farið í gegnum umtalsverðar lagfæringar á undanförunum árum. Eigendur þess eru Kristján Geir Pétursson lögfræðingur og Henny Gunnarsdóttir Hinz hagfræðingur ASÍ. Auk þessara húsa í Vesturborginni hlaut Laugavegur 12, Le Bistro



Ránargata 24.



Tjarnargata 36.

verðlaun fyrir lóð og umhverfi. Í öðrum hverfum hlutu fjórar lóðir verðlaun. Kex hostel við

Skúlagötu og fjölbýlishúsalóðir við Sóltún, Mánatún og Maríubakka.

Ballettskóli Guðbjargar Björgvins



Innritun hafin

Byrjenda- og framhaldshópar frá 3 ára aldri

Ballett

Einnig fullorðinsballett fyrir þá sem vilja láta drauminn rætast

Ballettskóli Guðbjargar Björgvins
Eiðistorgi Seltjarnarnesi
S: 562-0091 695-0399

Netfang: gbballett@simnet.is

Heimasíða: www.gbballett.is

HAUSTNÁM- SKEIÐ 2016 MYNDLISTASKÓLINN

SKRÁNING HAFIN

Nánar á www.mir.is og í síma 551 1990 milli kl. 13:00 og 17:00.

Í REYKJAVÍK

Frostaskjól og Kampur í eitt

Á vormánuðum var ákveðið í borgarráði að sameina frístundamiðstöðvarnar Frostaskjól og Kamp í hagræðingarskyni. Þann 1. ágúst síðastliðinn varð því til ein stór og sterk frístundamiðstöð sem þjónusta mun íbúa í Vesturbæ, Miðborg og Hlíðum. Stjórnendateymið skipa Guðrún Kaldal, framkvæmdastjóri, Héðinn Sveinbjörnsson, fjármálastjóri, Steinunn Grétarsdóttir, deildarstjóri barnastarfs og Þorsteinn V. Einarsson deildarstjóri unglíngastarfs. Skrifstofa frístundamiðstöðvarinnar verður til húsa í Frostaskjól 2.

Vettvangur frístundamiðstöðva er frítíminn og starfsemi þeirra miðar að því að efla félagsauð hverfanna. Sérstök áhersla er lögð á frístundastarf fyrir börn og unglínginga og mun hin nýja frístundamiðstöð sjá um

rekstur frístundaheimila og félagsmiðstöðva í Vesturbæ, Miðborg og Hlíðum ásamt því að vera öflugur aðili í samstarfi við aðra er koma að uppeldisumhverfi barna og unglínginga.

Leiðarljós frístundamiðstöðva er að börnum og unglíngum standi til boða frístundastarf sem hefur uppeldis- og menntunargildi og tekur mið af aldri þeirra og þroska. Áhersla er lögð á virka þátttöku, reynslunám, lýðræði og mannréttindi. Sérstaklega er hugað að því að virkja einstaklinga sem þurfa sérstaka hvatningu og stuðning vegna

fötlunar eða félagslegrar stöðu. Starf á vegum frístundamiðstöðva er í eðli sínu forvarnarstarf þar sem unnið er með viðhorf og atferli barna og unglínginga í átt til heilbrigðs lífsstíls og virkni í samfélaginu.

Nú er leitað að nafni fyrir sameinaða frístundamiðstöð og sett hefur verið af stað nafnasamkeppni. Íbúar eru hvattir til að taka þátt og senda inn tillögur. Nánari upplýsingar má finna heimasíðum Frostaskjól og Kamps, á facebook síðum eða á skrifstofu Frostaskjól/Kamps í síma 411-5700.



Frístundamiðstöðvarnar Frostaskjól og Kampur.

Ekki ný bensínstöð í Örfirisey



Meirihluti umhverfis- og skipulagsráðs Reykjavíkur telur að ekki samræmist stefnu Reykjavíkurborgar um fækkun bensínstöðva eða loftslagsstefnu borgarinnar um færri dælustöðvar fyrir jarðefnaeldsneyti að sitja upp sjálfsafgreiðslubensínstöð á lóð 15 til 21 í Örfirisey þar sem verslanir Krónunnar, Elko, Byko og Rúmfatalagersins eru til húsa.

Málið kom til umræðu á fundi ráðsins eftir að fyrirspurn barst frá Ask arkitektum um breytingu á deiliskipulagi framangreinds svæðis til að koma fyrir bensínstöð með sjálfsafgreiðslufyrirkomulagi. Fulltrúar minnihluta í ráðinu tóku hins vegar jákvætt í erindi Arkitektastofunnar.

JL-húsinu - Hringbraut 119 • Sími: 571 3888 • www.xofood.is



FUN • FAST • FUSION

100% HOLLUSTA, 100% NÆRING 😊

Það eru ALLIR að tala um XO!

Enginn hvítur sykur, ekkert hvítt hveiti

XO – LÍKLEGA BESTI HOLLI SKYNDIBITINN Á ÍSLANDI



Gerðu góðverk í dag

907 2002

Hjálparstarf kirkjunnar www.help.is

Vesturbæjarblaðið

AUGLÝSINGASÍMI

511 1188

borgarblod.is



Séð yfir svæðið umhverfis Hlemm.

Hótelkvóti hugsanlega settur á Laugaveg og Hverfisgötu

Dagur B. Eggertsson, borgarstjóri telur til athugunar að setja kvóta á hótélbyggingar með fram Laugavegi og Hverfisgötu en borgin hefur þegar sett takmarkanir á fjölda hótela í Kvosinni.

Dagur segir einnig koma til greina að setja frekari takmarkanir á leigu íbúðarhúsnæðis gegnum Airbnb en vill gera greinarmun á því þegar fólk er að leigja út húsnæðið til að komast sjálf til sólarlanda og þegar verið er að kaupa íbúð eftir íbúð til að stunda neðanjarðargististarfsemi. Vandinn

séu erfiðleikar við að bregðast nógu hratt við mikilli fjölgun ferðamanna.

Hátt í 300 þúsund ferðamenn hafa komið í upplýsingamiðstöð ferðamanna í Reykjavík það sem af er ári og met var sett í síðasta mánuði þegar 69 þúsund sóttu sér þjónustu þangað og hafa ekki verið fleiri frá stofnun árið 1987. Dagur segir þessa þróun nýja og hún einnig í stór í sniðum og hafi mikil áhrif en Ísland sé langt í frá eina landið sem þurfi að fást við breytingar af þessu tagi.

Frosti opnaði í gær



Andrea Marel, Eva Halldóra og Stefán Gunnar mynda nú stjórnendateymi félagsmiðstöðvarinnar.

Nú er nýtt skólaár að hefjast og félagsmiðstöðin Frosti er að hefja störf að nýju eftir frábært sumar. Félagsmiðstöðin Frosti opna aftur með pompi og prakt miðvikudaginn 24. ágúst fyrir 13 til 16 ára unglunga í Hagaskóla og Landakotsskóla.

Frosti býður upp á fjölbreytta og skemmtilega dagskrá sem skipulögð er af unglungunum sjálfum og félagsmiðstöðin staðsett í kjallara Hagaskóla. Félagsmiðstöðin mun að sjálfsögðu líka bjóða upp á þrusugott 10 til 12 ára starf fyrir krakka í Grandaskóla, Landakotsskóla, Melaskóla og Vesturbæjarskóla sem felst í vikulegum opnunum fyrir hvern árgang fyrir sig. Opnanir fyrir 10 til 12 ára hópinn fara fram í Frostaskjólí.

Stjórnendateymi Frosti hefur tekið miklum breytingum síðan í vor en þau Andrea Marel, Eva Halldóra og Stefán Gunnar mynda nú stjórnendateymi félagsmiðstöðvarinnar og munu stýra starfinu í vetur ásamt skemmtilegum hópi frábærra starfsmanna. Frosti mun í vetur bjóða upp á aukinn opnunartíma til að geta þjónustað unglungana í hverfinu eftir bestu getu. Markmið Frosti er að allir hafi þar vettvang til að skemmta sér í góðum félagskap, kynna fólk og eiga öruggt athvarf. Með þessum breytingum vonum við að við getum gert gott starf enn betra og sinnt ennþá fleirum úr þessum stóra hópi ungs fólks í Vesturbæ.



Höldum okkur á mottunni í haust!



MÖNTRU ARMBÖND
– fallegasta veganestið í vetur!
Silfruð, gyllt, rósagull.
Á konur og menn.
Verð: 6.500/7.500 kr.

Hvað eftir annað eru Manduka PROlite nr. 1 í alþjóðlegum gæðakönnunum. Hannaðar fyrir þá sem vilja næra líkama og sál og halda sig á mottunni. MANDUKA PROlite eru lífstíðareign. Verð m/afsl: 13.515 kr. (áður: 15.900 kr.)

20 % afsláttur af VIRIDIAN til 18. sept.
Viridian vítamínin og bætiefnin fremst í flokki heilla vítamína og bætiefna. Hrein, án nastís og virka.

SUÐURSTRÖND 10, SELTJARNARNESI
Ný heimasíða: www.systrasamlagid.is
www.facebook.com/Systrasamlagid
Sími: 511 6367

AFGREIÐSLUTÍMI:
Mjúkir mánudagar: 10 - 18.
Þri. - fös.: 9 - 18.
Laugardagar: 10 - 16.

Vetrastarf frístundaheimilana hafið

Eftir frábærar samverustundir og ferðir út um allan bæ í sumar, tekur vetrarstarf frístundaheimilana nú við. Á döfinni er feiknarmikið fjör, klúbbastarf og allskonar þemavikur og viðburðir.

Í vikunni hófst vetrarstarf frístundaheimilana í Vesturbæ í nýrri sameiginlegri frístundamiðstöð Vesturbæjar, Miðborgar og Hlíða. Á næstu vikum munu börn, foreldrar og starfsfólk kynna starfsemi frístundaheimilanna og læra inn á hvert annað - og í kjölfarið taka við allskonar skemmtilegar uppákomur þar sem allir ættu að finna eitthvað við sitt hæfi. Frístundaheimilin munu í vetur bjóða upp á ólíka viðburði og þemavikur, þar á meðal Vísinda- og Fjölmenningsviku, Barnasáttmálaviku og annað sem leitast við að gera starfið sem fjölbreyttast og skemmtilegast svo allir geti notið góðs af.



Fjaran vakti áhuga margra stórra sem smærri í frístundastarfinu í sumar.



Á leið í siglingu og betra að hafa vestin með.



Þessar þrjár stúlkur voru ánægðar með berin sín.



Rennibrautin var vinsæl.



Stendur vörð um hagsmuni neytenda og skattgreiðenda

Sigríður Á. Andersen

alþingismaður

Prófkjör Sjálfstæðisflokksins í Reykjavík

www.sigridur.is

BIKE CAVE

Einarsnesi 36 • 101 RVK

Opið alla daga 9-23

www.bikecave.is • Erum á Facebook

Sími: 770-3113

Það er engin spurning að bestu fröllum bæjarins fást í Bike Cave og bernaise sósan okkar toppar allt.



Erum komin á Instagram

Neytendur og skattgreiðendur geta ekki beðið í áratug

Nýir búvörusamningar eru í deiglu. Þeir hafa verið undirritaðir með fyrirvara um samþykki alþingis á breytingum á ýmsum lögum svo samningarnir ná fram að ganga.

Eins og oft vill verða í svona miðstýrðum ríkiskerfum eiga neytendur enga aðkomu að þessum samningum þótt þeir eigi mikla hagsmuni undir, bæði sem neytendur og ekki síður sem skattgreiðendur.

Bein árleg útgjöld ríkisins til landbúnaðar eru svipuð og Háskóli Íslands fær af fjárlögum. Við þennan beina stuðning bætast verndartollar af ýmsu tagi sem erfitt er að meta nákvæmlega til fjár en óumdeilt er að hlaupi á milljörðum króna á ári.

Í nýju búvörusamningunum eru engin fyrirheit um að draga úr ríkisstyrkjum, fjárhæðirnar hækka þótt þær með tíð og tíma lækki sem hlutfall landsframleiðslu ef bærilegur hagvöxtur verður í landinu. Jafnframt er ætlunin að auka tollverndina með því að hækka verndartollana í samræmi við verðlagshækkunar frá árinu 1995.

Ætlunin er að nýju búvörusamningarnir gildi í 10 ár, þótt kveðið sé á um endurskoðun einstakra þátta fyrir þann tíma. Nú má vera ljóst að bændur verða hvorki sviptir ríkisstyrkjum né tollverndinni á einni nóttu. En það gengur ekki heldur að gera samning til svo langs tíma án þess að komið sé til móts við neytendur og skattgreiðendur.

Þessi langi samningstími ætti auðvitað að duga til að vinna jafnt og þétt ofan af ríkisstyrkjum og afnema tollverndina. Áratugur gæti komið til álita sem aðlögunartíma bænda að almennu verslunarfrelsi með búvörur en alls ekki sem tímarammi fyrir algerlega óbreytt ástand.

Sigríður Á. Andersen.
Höfundur er alþingismaður Sjálfstæðisflokksins í Reykjavík.



Sigríður Á. Andersen.

Aðalsteinn Vestmann sýnir í Gallerí Vest

Aðalsteinn Vestmann heldur einkasýningu í Gallerí Vest á Hagamelnum þessa dagana og er hún opin í síðasta sinn um næst komandi helgi. Aðalsteinn er frá Akureyri og verður að teljast til athyglisverðustu og kunnustu málara sem sú byggð hefur alið. Aðalsteinn er fæddur á Akureyri 1932 og því kominn á níunda tug lífs síns en er enn fullur hugmynda og malar af krafti. Hann nam við Mynd- og handíðaskóla Íslands og lauk prófi frá kennaradeild þess skóla vorið 1951 og þá tók við 40 ára kennslustarf við Barnaskóla Akureyrar. Allan þann tíma vann Aðalsteinn einnig að list sinni og er enn að eins og sýningin í Gallerí Vest ber glöggvitni. Ástríðan til listarinnar er honum svo ríkulega í blóð borin að hvergi verður slegið af á meðan kraftar endast.

Aðalsteinn hefur jafnan staðið á mörkum tveggja tíma og jafnvel tveggja heima í listsköpun sinni. Hann staldrar við í tíma hins klassíska umbótamálverks þar sem landslag og manngerðir hlutir bera við sjónarrönd og eru jafnvel í fyrirrími í verkum hans. Hann kynntir abstraktlistinni einnig – strangflatalistinni sem oft setur sterkan svip á verk hans og geta hans og tækni til þess að tengja þessar tvær stefnur saman í hinni einu og sömu mynd er undraverð. Þriðju víddina ber einnig ósjaldan fyrir. Myndir birtast eins og úr öðru heimi sem Aðalsteini er nærtækur. Á sama tíma og hefðbundið náttúrulegt eða manngert form ber fyrir afmarkað með strikum stangfaltarlistarinnar í myndum hans má sjá táknið hins trúarlega.



Aðalsteinn Vestmann á kunnuglegum stað í lífinu. Við hlið lita og hugmynda að listaverkum.

Öllu þessu miðlar hann saman á listilegan hátt svo myndir hans taka á sig annað líf. Ahorfandi finnur sig því stundum á mörkum tveggja heima. Hins áþreifanlega og hins dulda þar sem hann tengir hið ytra og hið innar með sterkum litaböndum. Það er

fengur að fá tækifæri til þess að skoða verk þessa norðlenska myndlistarmanns á Hagamelnum. Megi gestir njóta þess um komandi helgi.



Hér beinir Aðalsteinn sjónum að fjörunni og Oddeyrinni á Akureyri.

Matarbúrið er sérverslun með nautakjöt á Grandagarði 29

Grasfóðrað nautakjöt,
Velferðarkjúklingur,
Lambakjöt úr sjálfbærri
sauðfjarrækt, kanína ofl. í boði.

Opið þriðjudaga til föstudaga frá kl. 11-18.
Laugardaga frá kl. 12-17.



„Ég er löggiltur fasteignasali og hef starfað við sölu fasteigna samfleytt frá árinu 1997“.

www.frittsoluverdmat.is

ANDRI SIGURÐSSON
Löggiltur fasteignasali

s. 690 3111



SMÁRINN
FASTEIGNAMIÐLUN

Hönnunarmiðstöð Íslands flytur í Kvosina

Borgarráð hefur samþykkt tillögu borgarstjóra um að Reykjavíkurborg og Hönnunarmiðstöð Íslands geri samstarfssamning til þriggja ára um að miðstöðin flytji starfsemi sína í Aðalstræti 2 í hjarta Kvosarinnar. Höfuðborgarstofa hefur verið rekin í húsinu frá árinu 2003 en hefur nú flutt í Ráðhús Reykjavíkur.

Markmið samstarfsins er að efla íslenska hönnun og arkitektúr og grundvöll þessara greina til atvinnusköpunar í borginni auk þess að vekja áhuga og auka skilning borgarbúa og gesta Reykjavíkur á mikilvægi greinanna. Í greinargerð með tillögunni segir að Hönnunarmiðstöð kynni íslenska hönnun og arkitektúr jafnt innanlands sem utan. Þá muni hún með starfsemi sinni í húsinu efla mynd skapandi miðborgar og styrkja stöðu hönnunar í hjarta Reykjavíkur. Menn- ingar- og ferðamálasvið hefur haft Aðalstræti 2 á leigu frá þriðja aðila fyrir starfsemi sviðsins og gildir sá samningur til ársloka 2022. Hönnunarmiðstöð mun á

næstu mánuðum koma sér fyrir í hluta Aðalstrætis 2 en fyrir lok árs mun fjölsóttasta upplýsingamiðstöð ferðamála sem starfrækt hefur verið þar einnig

flytja í Ráðhúsið. Samningurinn gildir frá ágúst 2016 til ársloka 2019. Heildarframlag Reykjavíkurborgar vegna samstarfsins verður 25 milljónir króna.



Hér mun Hönnunarmiðstöðin verða til húsa.

Bætt aðgengi fatlaðra að Hallar- garðinum



Fríkirkjuvegur 11. Þar er ætlinin koma á fór sýningarrými og ráðstefnuaðstöðu.

Björgólfur Thor Björgólfs-son hefur sótt um leyfi til að gera breytingar á Hallargarðinum við Fríkirkjuveg 11 og voru hugmyndirnar kynntar á fundi umhverfis- og skipulagsráðs Reykjavíkurborgar í vikunni. Fyrir liggur að í húsinu verði sýningarrými á jarðhæð, á aðalhlæðinni verða funda- og veitingasalir og á efstu hæð verður íbúð.

Björgólfur Thor vill bæta aðgengi fyrir hreyfihamlaða að Hallargarðinum með því að fjarlægja tæplega 20 sentimetra háan stáll sem er við upphaflega aðalaðkomustétt að Fríkirkjuvegi 11. Í kynningunni kemur fram að Björgólfur vilji vanda vel til verka við endurbætur á lóðinni og að hann ætli að nota vönduð efni í yfirborðsprep, setprep og vegghleðslur og að áform séu um að vinna allt efni sem til þurfi úr „reykvísku, tilsöguðu og tilhöggnu grágrýti.“ Björgólfur keypti Fríkirkjuveg 11 af Reykjavíkurborg árið 2007 á 600 milljónir en langafi hans, Thor Jensen, reisti húsið á sínum tíma.



Laugarnar í Reykjavík

Lengri opnun í Árbæjarlaug og Vesturbæjarlaug í ágúst



fyrir alla fjölskylduna

í þínu hverfi

Frá morgni til kvölds

Vegna mikillar aðsóknar í sumar lengjum við opnunartíma í Árbæjar- og Vesturbæjarlaug í ágúst

Sunnudaginn 14. ágúst	kl. 09:00 – 22:00
Sunnudaginn 21. ágúst	kl. 09:00 – 22:00
Laugardaginn 27. ágúst	kl. 09:00 – 22:00
Sunnudaginn 28. ágúst	kl. 09:00 – 22:00

Allir afgreiðslutímar á www.itr.is.

Ný bók eftir Ágúst Einarsson
Vesturbæing og Nesbúa

Öld sjávarútvegsins er 20. öldin

Komin er út bókinn Íslenskur sjávarútvegur í alþjóðlegu samhengi eftir Ágúst Einarsson prófessor. Þetta er fyrsta bók sinnar tegundar á íslensku sem kemur út hérlendis. Fjallað er um sjávarútveg frá fjölmörgum sjónarhornum og er bókinn tæpar 400 bls. Sjávarútvegur hefur staðið undir mikilli breytingu lífskjara hér á landi í rúma öld og getið af sér margar stoð- og þjónustugreinar.

Ágúst segir að framlag sjávarútvegs og tengdra greina til landsframleiðslu sé um 20% sem geri sjávarútveg að mikilvægustu atvinnugrein hérlendis. Framleiðni eða afköst hafi aukist mikið í sjávarútvegi eða nær þrefaldast á rúmum síðustu 30 árum. Hann segir að fiskveiðistjórnunarkerfið hefi skapað mikil verðmæti en greiða beri hærra veiðileyfagjald en nú er gert. „Það er réttnefni hér á landi að kalla 20. öldina öld sjávarútvegsins,“ segir Ágúst.

Bókin er ríkulega skreytt ljósmyndum og skýringarmyndum. Útgefendur bókarinnar eru Háskólinn á Bifröst og Háskólinn á Akureyri. Rektorar háskólanna, Eyjólfur Guðmundsson og Vilhjálmur Egilsson, fylgja bókinni úr hlaði með inngangsorðum. Bókin er seld í Bóksölu stúdenta, bókaverslun Vesturbæinga og Nesbúa. Dr. Ágúst Einarsson er prófessor emeritus við Háskólann á Bifröst og fyrrverandi rektor skólans. Hann hefur gegnt fjölmörgum trúnaðarstörfum og var meðal annars alþingismaður og prófessor við Háskóla Íslands og hefur setið í fjölda stjórna og ráða.



Ágúst Einarsson.



Hulda Hlín með tvær sýningar í Vesturbænum

Hulda Hlín Magnúsdóttir myndlistarmaður opnaði tvær listsýningar á Menningarnótt. Aðra í Tjarnarbíó en hina í Sjóminjasafninu. Sýningin í Sjóminjasafni stendur til 31. ágúst. Sýningin í Tjarnarbíó eitthvað skemur. Næstkomandi laugardag mun Hulda Hlín verða stödd í Sjóminjasafninu og spjalla við gesti.

Stór olíu- eða akrýlmálverk í sterkum litasamsetningum eru á meðal viðfangsefna Huldu Hlínar. Hún vinnur gjarnan með sterka liti. Yngri verk hennar eru þó óhlutbundnari en hin eldri og hafa mörg hver lífrænan blæ. Þau minna stundum á landslag innan frumu eða lífveru eða líkjast plöntum frá öðrum heimi. Önnur verk og þá einkum eldri verkin minna gjarnan á flæðandi kletta eða fjöll. Hulda Hlín hefur leitað efnis og fundið innblástur í form kletta og fjalla íslenskrar náttúru og heillandi lita þess og ljóss. Með tímanum hafa formin orðið meira áberandi í verkum hennar þar sem hún leysir landslagið gjarnan upp í óhlutbundna heima heima og fjarlægjar fjarlægjar víddar. Í verkum Huldu Hlínar kemur fram dularfullt samspil forma og lita tjáð einkum með olíu á striga,



Hulda Hlín við eitt af nýrri verkum sínum.

olíupastel, akrýl, kolum eða blýant. Hulda Hlín hefur skrifað greinar í myndlistartímarit, haldið námskeið í myndlist, til dæmis í tengslum við barnamenningarhátíð og verið með leiðsögn á listasöfnum, meðal annars fyrir frönsku- og ítölskumælandi gesti. Hún lærði til myndlistar í Listaakademíu Ítalíu í Flórens, Feneyjum, Bologna og Róm og útskrifaðist þaðan með hæstu

einkunn og láði. Hún ólst upp í París, Kaupmannahöfn og Reykjavík og hefur haldið einka- og samsýningar hérlendis og erlendis.

Hulda Hlín verður með leiðsögn og spjallar við gesti í Sjóminjasafninu eftir hádegi á laugardag og sunnudag 27. og 28. ágúst nk.

Aðalfundur framundan?

Heildarlausn í rekstri húsfélaga.



www.eignausmjón.is
S. 585 4800, Suðurlandbraut 30.

Graenir 
SKÁTAR
– gefðu okkur tækifæri!

Söfnunarkassar í Vesturbænum eru m.a. við:
Sundlaugina • Shell • Skátaheimili

TAEKWONDO

KR

ÍPRÓTT
LÍÐLEIKI
STYRKUR

SJÁLFSVÖRN
FÉLAGSSKAPUR
SJÁLFSTRAUST



Prófaðu frítt í heila viku!

Börn

Fullorðnir

Þú getur
byrjað núna!

kr.is/almenningur/taekwondo

kaj@mh.is

facebook.com/groups/krtaeqwondo

KR stelpurnar stóðu sig með prýði



KR stelpur tók þátt í Síamóttinu 2016, 7. flokkur sendi 3 lið, 6. flokkur sendi 4 lið og 5. flokkur sendi tvö lið.

Stelpurnar í KR1 í 6. flokki gerðu sér lítið fyrir og urðu Síamótsmeistarar í flokki

A liða - efsta styrkleika. Þær unnu heimastúlkur úr Breiðablik í æsisþennandi úrslitaleik 2-1.

Önnur lið stóðu sig einnig með mikilli prýði og voru KR til mikils sóma.

KR-SÍÐAN



Handbolti:

Theodór Ingi í KR



Á myndinni má sjá Theodór í nýjum keppnisbúning handknattleiksdeildarinnar ásamt Björgvini Frey Vilhjálmssyni, formanni deildarinnar.

Theodór Ingi Pálmason hefur gert samning um að leika með KR á komandi tímabili. Theodór verður 29 ára á þessu ári og er mikil og góð viðbót við leikmannahóp KR.

Theodór Ingi býr yfir mikilli

reynslu enda leikið lykilhlutverk í liði FH sl. ár. Það er því fagnaðarefni að jafn reyndur og sterkur leikmaður sé tilbúinn að taka þátt í uppbyggingu Handknattleiksdeildar KR.

Öllum boðið að prófa Taekwondo

„Nú er Taekwondotímabilið að hefjast og því kjörið tækifæri til að byrja á einhverju nýju og spennandi,“ segir á heimasíðu KR. Taekwondo er íþrótt fyrir alla og auðvelt að koma og prófa. KR býður fólki að koma á æfingu í viku og sjá hvernig taekwondo íþróttin hentar því án skuldbindinga með skráningu. „Bara er að mæta, fara úr sokkunum og vera tilbúin/n að svitna,“ segir á heimasíðunni.

En hvað er Tekwondo. Jú - iðkendur æfa snerpu, liðleika, styrk, efla sjálfstraust sitt, fá frábæran félagsskap og læra sjálfsvörn. Æfingar fara fram í íþróttasal Frostheima. Mánudaginn 22. ágúst hefjast æfingar barnahópa en fullorðnir fara af stað örlítið seinna, fimmtudaginn 1. september. Krakkar æfa á



mánudögum og miðvikudögum, kl. 17:30 til 18:30 og til 19:00 fyrir lengra komna. Fullorðnir æfa svo á mánudögum og miðvikudögum kl. 20:45 til 22:00 og á

fimmtudögum kl. 19:30 til 20:50. Æfingagjöldin má sjá á slóðinni <http://www.kr.is/almennigur/taekwondo/aeefingagjold/> en skráning fer fram hér: <https://kr.felog.is/>.

Ökum varlega!
Skólarnir eru að byrjaðir!



Reykjavík Apótek

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

N1



Melabúðin
þín verslun
Sími 551-0224

Vesturbæjarblaðið



GETRAUNANÚMER
KR ER 107



Kauda Ljónið
síðan 1989

HEITUR MATUR
Í HÁDEGINU
OG Á KVÖLDIN

TAKTU MEÐ
eda
BORÐAÐU Á STAÐNUM

Alvöru matur



NÝ TÍMATAFLA HEFST 29. ÁGÚST

nánar á worldclass.is

KLIPPIÐ MIG ÚT

HAUST TÍMATAFLA WORLD CLASS SELTJARNARNESI - GILDIR 29. ágúst - 4. janúar

Tími	Mánudagur	Þriðjudagur	Miðvikudagur	Fimmtudagur	Föstudagur	Tími	Laugardagur
06:10	Pol & Styrkur (50)	Spinning (50)	Pol & Styrkur (50)	Spinning (50)	Pol & Styrkur (50)	09:30	Spinning (60)
06:30	Hot Fit (50)		Hot Fit (50)			10:00	Teyggjur í Heitum Sal (30)
08:30	Morgunþrek (60)		Morgunþrek (60)		Morgunþrek (60)	10:30	Buttlift (60)
10:00							
10:30							Sunnudagur
12:00	Yoga (60)	Hádegispúl (50)	Yoga (60)	Hádegispúl (50)	Yoga (60)	11:30	Hot Yoga Mótun (60)
16:40	Zumba (50)		Zumba (50)				
17:00					Túrbó Tabata (30)		
17:30	Spinning (60)	Buttlift (60)	Spinning (60)	Buttlift (60)			
17:30	Hot Yoga (90)	Spinning (50)	Hot Yoga (90)	Spinning (50)	Hot Yoga (75)		
17:30	Hot Yoga (75)	Spinning (60)	Hot Yoga (75)	Spinning (60)	Hot Vinyasa Yoga (75)		
17:35	Vaxtarmótun (60)		Vaxtarmótun (60)		Spinning (45)		
18:00		Hot Yoga (60)		Hot Yoga (60)			
18:45	Tabata (45)		Tabata (45)				

KLIPPIÐ MIG ÚT

HAUST TÍMATAFLA WORLD CLASS LAUGUM - GILDIR 29. ágúst - 4. janúar

Tími	Mánudagur	Þriðjudagur	Miðvikudagur	Fimmtudagur	Föstudagur	Tími	Laugardagur
06:15	Tabata (45)		Tabata (45)		Tabata (45)	09:30	Laugaskokk (60)
06:15		Hot Yoga (60)		Hot Yoga (60)		10:30	Buttlift (60)
06:20	Spinning (45)	Spinning (45)	Spinning (45)	Spinning (45)	Spinning (45)	10:40	Spinning (60)
07:00	Í Form 5:2 (L)		Í Form 5:2 (L)		Í Form 5:2 (L)	11:00	Hot Yoga (90)
08:30	Hot Fit (45)		Hot Fit (45)		Hot Fit (45)		
09:00		Mix Pilates (60)		Mix Pilates (60)	ÍHHÍ (L)	Tími	Sunnudagur
09:30						11:00	Hot Yoga (90)
10:00					ÍHHÍ (L)	11:10	Tabata (40)
10:00	Vaxtamótun (60)		Vaxtamótun (60)		Vaxtamótun (60)	11:50	Kviður & bak (20)
10:30						12:20	Spinning (50)
10:40						13:15	Foam Flex (50)
11:45					HIIT Tabata (45)		
12:00	HIIT Tabata (45)	Spinning (45)	HIIT Tabata (45)	Spinning (45)			
12:00	Spinning (45)	Jóga (60)	Spinning (45)	Jóga (60)	Spinning (45)		
12:00	Hot Yoga (60)		Hot Yoga (60)		Hot Yoga (60)		
12:30					HIIT Tabata (45)		
15:30	Dans 7-9 ára (L)		Dans 7-9 ára (L)				
16:20		Warm Yoga (60)		Warm Yoga (60)			
16:30	Hot Fit (45)	Pump Fx (60)	Hot Fit (45)	Pump Fx (60)			
16:30	Dans 10-12 ára (L)		Dans 10-12 ára (L)		Tæknitími DWC (L) (60)		
17:15	Fitness Form (L)	Fit Pilates (L)	Fitness Form (L)	Fit Pilates (L)	Fitness Form (L)		
17:30	Hot Yoga (60)	Hot Vinyasa Yoga (90)	Hot Yoga (60)	Hot Vinyasa Yoga (90)	Hot Yoga (60)		
17:30	Laugaskokk (60)		Laugaskokk (60)				
17:35	Spinning (60)	Spinning (60)	Spinning (60)	Spinning (60)	Spinning (60)		
17:40	Buttlift (60)	Zumba (60)	Buttlift (60)	Zumba (60)			
18:00		Cyclathon			Masterclass DWC (L)		
18:40	Warm Yoga teygjur (60)	Dans 13 - 15 ára (L)	Warm Yoga teygjur (60)	Dans 13 - 15 ára (L)			
19:40		Dans 16+ (L)		Dans 16+ (L)			
20:40		Dans 20+ (L)		Dans 20+ (L)			

f worldclassiceland

ig worldclassiceland

sn worldclassice

ÞAR SEM HJARTAÐ SLÆR

WorldClass
ICELAND

*MÉD FYRIRVARA UM BREYTINGAR

*MÉD FYRIRVARA UM BREYTINGAR